

Núverandi húsnæði Orkustofnunar með tilliti til framtíðarhugmynda um byggingaland, sbr. frumdrög að deiliskipulagi á Keldnaholti dags. 18. júní 1990

Jón Guðmar Jónsson

Greinargerð JGJ-90/11

ORKUSTOFNUN

1990-08-22

HÚSNÆÐI ORKUSTOFNUNAR
Greinargerð JGJ-90/11

Núverandi húsnæði Orkustofnunar með tilliti til framtíðarhugmynda um byggingaland, sbr frumdrög að deiliskipulagi á Keldnaholti dags. 18. júní 1990.

1. HEILDARHÚSNÆÐI.

Hér að neðan er yfirlit yfir húsnæði það sem Orkustofnun er með til ráðstöfunar í dag. Mestur hluti húsnæðisins er í leiguhúsnæði, sbr. tl. 1 til 3 í töflu A, en húsnæði það sem er í Keldnaholti, tl. 4 til 6 í töflu A, er í eigu stofnunarinnar. Hluti af því húsnæði er Straumfræðistöðin í Keldnaholti sem Orkustofnun hefur leigt út til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins til ársloka 1993.

Tafla A hér á eftir sýnir fermetrafjölda einstakra staða sem stofnunin er til húsa á og heildarfermetrafjölda alls, samtals 5.117 m².

Í töflu B er húsnæðinu skipt í 1) skrifstofuhúsnæði og sérhannað vinnuhúsnæði annars vegar (3.980 m²) og 2) geymsluhúsnæði hins vegar (1.137 m²), samtals 5.117 m².

Tafla A: Heildarhúsnæði.

| Nr | Staðsetning | Leiga/eign | Leigutími | Tekið í notk | Tegund | Stærð í m ² |
|----|--------------------------------|------------|------------------------------------|--------------|---------------------------------------|----------------------------|
| 1. | Grensásvegur 9 2. og 3. hæð | Leiguhúsn | Gagnkvæmur upsagnarfr 12 mán | 1979-09-01 | Skrifst-/sérhann/ steypt | 3.290 m ² |
| 2. | Grensásvegur 9 Kjallari | Leiguhúsn | 1989-01-01 til 1994-01-01 | 1989-01-01 | Geymslu/ aðstaða f/bíla/ steypt | 715 m ² |
| 3. | Smiðjuvegur 52 | Leiguhúsn | Almenn upsagnarákv | 1978-01-01 | Viðhald/viðgerðir bílar borholumæl | 280 m ² |
| 4. | Keldnaholt | Eigið húsn | ... | 1960 | Bygging/steypt | 167 m ² |
| 5. | Keldnaholt | Eigið húsn | ... | 1960 | Geymsla/stálgrh | 255 m ² |
| 6. | Keldnaholt | Eigið húsn | ... | 1967 | Straumfræðistöð steypt | 410 m ² |
| | Samtals | | | | | 5.117 m² |

Orkustofnun

1990-08-22

HÚSNÆÐI ORKUSTOFNUNAR
Greinargerð JGJ-90/11

Í töflu B er húsnæðinu skipt í skrifstofu- og sérhannað húsnæði annars vegar geymsluhúsnæði hins vegar.

**Tafla B: 1. Skrifstofu- sérhannað húsnæði/
2. Geymsluhúsnæði:**

| Nr | Tegund/Staðsetning | Stærð í m ² |
|-----------|---|----------------------------|
| A. | Skrifstofu- og annað sérhannað húsnæði | |
| 1. | Grensásvegur 9 ; 2. og 3. hæð | 3.290 m ² |
| 2. | Smiðjuvegur 52 | 280 m ² |
| 3. | Keldnaholt; Straumfræðistöð | 410 m ² |
| A. | Samtals; Skrifstofu- og annað húsnæði | 3.980 m² |
| B. | Geymsluhúsn., húsn f/ bíla,tæki,áhöld | |
| 1. | Grensásvegur 9; kjallari | 715 m ² |
| 2. | Keldnaholt; geymsla (kjarna) | 255 m ² |
| 3. | Keldnaholt; bygging | 167 m ² |
| B. | Samtals, Geymslur ofl. | 1.137 m² |
| | Húsnæði alls | 5.117 m² |

2. NÁNARI LÝSING HÚSNÆÐIS.

1. Grensásvegur 9; 2. og 3. hæð.

Húsnæðið er 3.290 m², steinsteypt.

Aðalstarfsemi stofnunarinnar er að Grensásvegi 9, 2. og 3. hæð. Hér eru skrifstofur, efnafræðistofa, rafeindastofa, bókasafn, teiknistofa, fyrirlestrasalur, mötuneyti ofl.

Húsnæðið er á leigu og er í eigu "Fasteigna ríkisins" og var tekið í notkun af Orkustofnun 1. september 1979.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er 12 mánuðir.

2. Grensásvegur 9; kjallari.

Húsnæðið er 715 m², leiguhúsnæði í suðurenda hússins, steinsteypt.

Hér er um að ræða aðstöðu fyrir útgerð stofnunarinnar (aðra en borholumælingar), þ. e. vatnamælingar, jarðeðlisfræði, vinnslutækni, efnafræði, jarðfræði ofl.

Orkustofnun

1990-08-22

HÚSNÆÐI ORKUSTOFNUNAR
Greinargerð JGJ-90/11

Aðstaða er til að geyma tæki, áhöld, taka inn bíla osfrv. Þá er hér geymsla fyrir bókhaldsgögn stofnunarinnar. *of bolusub.*

Leigutími er frá 1989-01-01 til 1994-01-01.

3. Smiðjuvegur 52, Kópavogi.

Húsnæðið er 280 m² leiguhúsnæði.

Á jarðhæð eru 210 m². Lofthæð er 4,3 m + ris 1,2 m en þörf er á slíkri lofthæð vegna mælingabíls/bíla borholumælinga. Í kjallara er 30 m² herbergi, snyrting, auk 40 m² geymslu í kjallara.

Í húsnæðinu er vinnuástaða fyrir 4-6 starfsmenn. Þar hafa starfsmenn borholumælingadeildar Orkustofnunar annast viðgerðir, viðhald, eftirlit, smíði og kvörðun borholumælingatækja. Þar hafa verið geymdir 3 borholumælingabílar Orkustofnunar, m. a. hinn nýi borholumælingabíll en m. a. vegna hæðar hans var ekki hægt að flytja þessa aðstöðu í húsnæði Sölu varnarliðseigna að Grensásvegi 9, sjá lýsingu sbr. tl 2 að framan. Einnig eru geymd þarna ýmis sérhönnuð mælitæki, kvörðunarker ofl.

Leigutími er útrunninn og gilda því almenn uppsagnarákvæði.

4. Keldnaholt/Bygging.

Húsnæðið er 167 m², steinsteypt, í eigu stofnunarinnar. Byggt árið 1960.

Hér er um geymsluhúsnæði að ræða og er það að mestum hluta notað til svarfgeymslu, einnig er það notað til geymslu á vatnssýnum efnafræðistofu, þá hefur vinnslutæknideild geymsluástöðu þarna.

Efnafræðistofa Orkustofnunar var m.a til húsa þarna áður efnafræðistofan flutti að Grensásvegi 9.

Þetta húsnæði er mjög lélegt.

5. Keldnaholt/Geymsla.

Húsnæðið er 255 m², auk ca 60 m² geymslulofts.

Húsnæðið er í eigu stofnunarinnar, byggt árið 1960.

Kjarnageymsla stofnunarinnar er þarna til húsa og geymsla á grjótsýnum. Á efri hæð er geymsluástaða á áhöldum og tækjum Straumfræðistöðvar en stöðin er nú leigð út til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Aðstaða vatnamælinga og vinnslutæknideildar var þarna áður, en er nú í kjallara að Grensásvegi 9 (húsnæði Sölu varnarliðseigna).

Orkustofnun

1990-08-22

HÚSNÆÐI ORKUSTOFNUNAR
Greinargerð JGJ-90/11

Húsnæði þetta er mjög lélegt.

6. Keldnaholt/Straumfræðistöð.

Húsnæðið er 410 m² auk vatnsgryfju í kjallara.

Húsnæðið er í eigu stofnunarinnar, byggt árið 1967.

Húsið er byggt til líkangerðar á sviði vatnsaflsvirkjana og straumfræðirannsókna í því sambandi. Einnig hafa verið unnin þar verkefni á sviði straumfræði vegna hafnargerðar ofl.

Í kjallara húsnæðisins er vatnsgryfja sem tekur 150 tonn, í turni er 30 tonna vatnstankur. Þá er þarna dæla sem dælir 300 ltr/sek !

Straumfræðistöðin er nú leigð til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og er leigusamningurinn til ársloka 1993.